

Mánudaginn hinn 21. desembermánaðar.

Nr. 51/1908:

Réttvísinn

gegn

Péttri M. Bjarnarson.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað í héraði eftir skipun stjórnarráðs Íslands gegn hinum ákærða Péttri M. Bjarnarson, verksmiðjueiganda á Ísafirði, »fyrir verknað, er ætla má að sé hegningarverður eftir 250 gr. eða annari grein hinna almennu hegningarlaga« eins og segir í aukaréttarstefnunni, og var málinu ráðið til lykta með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðnum 16. júní þ. á., á þá leið, að ákærði var sýknaður og málskostnaður dæmdur af almannafé. Þessum dómi hefir stjórnarráðið skotið til landsyfirdómsins.

Verknaði þeim, er hinum ákærða var gefið að sök í máli þessu, er svo háttað sem nú skal greina. Öndverðlega í októbermánuði 1906 fluttust til Ísafjarðar með skipi hins Sameinaða gufuskipafélags »Esbjerg« 3 kassar verksmiðjuvélagóz (Maskinegods); góz þetta sendi M. D. Dreyer í Kaupmannahöfn til ákærða og átti það að fara til niðursöðuverksmiðju hans á Ísafirði til afnota í henni. Með vörunum kom ekki farmskrá (Connessement), er heimilaði ákærða vörurnar, en alt að einu voru þær afhentar ákærða af umboðsmanni eða aðstoðarmanni afgreiðslumanns gufuskipafélagsins, og flutti hann vörurnar heim til sín og hefir síðan hagnýtt sér þær. Ákærði neitaði því að greiða andvirði varanna, er hann var krafinn um það, með því að hann þóttist

eiga skaðabótakröfu á hendur Dreyer, sem hann segir að hafi vanhaldið samninga við sig um afgreiðslu á vörum til verksmiðju hans á Ísafirði. Dreyer virðist þá hafa snúið sér til hins Sameinaða gufuskipafélags og kvartað yfir því við félagið, að vörurnar hafi verið afhentar ákærða án þess að hann greiddi andvirði þeirra, og kærði gufuskipafélagið þá hinn ákærða fyrir það, að hann hefði í heimildarleysi tekið vörurnar til sín á þann hátt, að það varðaði við hegningarlögin, og var þá rekstur þessa máls hafinn. Það verður nú eigi sagt, að ákærði hafi heimildarlaust tekið vörurnar til sín, því að þær voru sendar til Ísafjarðar af nefndum Dreyer og ætlaðar ákærða, og þær voru afhentar honum eins og fyr er sagt af afgreiðslumanni eða með samþykki hans. Það er að vísu viðurkennt af ákærða, að hann hafi séð svokallað *Ordre-Connessement* fyrir vörunum hjá afgreiðslumanni, en afgreiðslumaður skildi það svo, að hann gæti alt að einu afhent ákærða vörurnar, er hann hafði séð hjá honum reikninga yfir þær, er honum höfðu verið sendir, og sýndu að honum voru vörurnar ætlaðar, og verður það ekki talið ákærða til áfellis að hann tók þá við þeim. Það kom fyrst síðar upp, að afgreiðslumaður átti að eins að afhenda kærða vörurnar gegn því, að hann borgaði andvirði þeirra. Svo sem það þannig er sannað í málinu, að ákærði hefir með löglegu móti fengið vörurnar í sínar vörzlur, þá er það á hinn bóginn ósannað, að hann hafi síðar neitað að láta þær af hendi aftur, þar sem það eigi einu sinni er sannað, að hann hafi verið krafinn um að skila þeim aftur. Það eitt er sannað í þessu efni, eins og áður er áminnst, að ákærði var krafinn um borgun fyrir vörurn-

ar en neitaði að greiða hana af framangreindri ástæðu, að hann þóttist eiga skaðabótakröfu á hendur Dreyer og áleit sig því eigi skyldan að borga kröfu Dreyers eins og hún var.

Athafnir hins ákærða sem hér hefir verið lýst, koma eigi í bága við hegningarlögin 25. júní 1869, hvorki 250. grein þeirra né 258. eða 259. gr., eins og haldið hefir verið fram í sókn málsins, né nokkra aðra grein þeirra. Það verður því að fallast á það, að ákærði er sýknaður með aukaréttardóminum, og með því að málskostnaðarákvæði dómsins einnig samþykkjast, ber að staðfesta dóm þenna í öllum greinum.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar verður að greiðast úr landsjóði, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, sem ákveðst 10 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr landsjóði, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálsfærslumanna Anna Eggerts Claessen og Sveins Björnssonar, 10 kr. til hvors þeirra.